

Ágæti viðtakandi

Reykjavík, 19. janúar 2021
UST202010-006/I.M.B.
09.03

Efni: Áform um stækkun og endurskoðun friðlýsingar Garðahrauns efra í Garðabæ

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa, kynnir hér með áform um stækkun og endurskoðun friðlýsingar Garðahrauns efra í Garðabæ, í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Áformin ásamt korti er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, á slóðinni www.ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/gardahraun-i-gardabae/

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 25. mars 2021. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila, verði þess óskað, í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, ingibjorgb@ust.is og René Biasone, rene@ust.is eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst



Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
Sérfræðingur



René Biasone
Sérfræðingur